

Vegagerðin, Norðaustursvæði
Gunnar H. Guðmundsson,
svæðisstjóri
Miðhúsavegi 1
600 Akureyri



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 3. október 2013
Tilvísun: UST20131000007/bs

Framkvæmdaleyfi - Dimmuborgavegur í Skútustaðahreppi

Þann 27. september barst Umhverfisstofnun umsókn um leyfi frá Vegagerðinni til að lagfæra og breikka Dimmuborgaveg.

Framkvæmdin er að litlu leyti innan þess svæðis sem er verndað skv. lögum nr. 97/2004 um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu.


Í reglugerð nr. 665/2012 um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu segir: „leita skal leyfis Umhverfisstofnunar fyrir hvers konar framkvæmd og hvers konar starfsemi á verndarsvæðinu sem getur haft áhrif á lífríki, jarðmyndanir og landslag svæðisins.“


Umhverfisstofnun veitir hér með leyfi fyrir framkvæmdinni með eftirfarandi skilyrðum.

- Að frágangur verði vandaður
- Að gænið verði frá raski á aðliggjandi svæðum eins og kostur er.
- Að samráð verði haft um frágang við sérfræðing Umhverfisstofnunar í Mývatnssveit.
- Að greitt verði fyrir eftirlit skv. samningi Vegagerðarinnar og Umhverfisstofnunar.

Þar sem framkvæmdarsvæðið er nánast alfarið á svæði sem þegar hefur verið raskað við lagningu jarðstrengja telur Umhverfisstofnun að framkvæmdin muni ekki hafa neikvæð áhrif á verndargildi þess svæðis sem verndað er með lögum nr. 97/2004 um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu.

Virðingarfyllt


Sigrún Agústsdóttir
Sviðsstjóri


Björn Stefánsson
sérfræðingur